



## SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

### 48. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Mánudagur 18. apríl 2016

Reykholt

**Mættir:** Bryndís Böðvarsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir varaformaður, Axel Sæland ritari, Kristín Hreinsdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Elfa Birkisdóttir skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Þóra Þöll Tryggvadóttir fulltrúi foreldra leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni, Aðalheiður Helgadóttir fulltrúi starfsmanna Bláskógaskóla Reykholt, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir fulltrúi kennara Bláskógaskóla Laugarvatni, Kristín Ingunn Haraldsdóttir fulltrúi foreldra grunnskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni, Nils Guðjónsson fulltrúi foreldra Bláskógaskóla Reykholti.

**Fjarverandi:** Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðný Tómasdóttir áheyrnarfulltrúi Grímsnes og Grafningshrepps. Engin málefni voru á dagskrá frá Álfaborg og því enginn fulltrúi þaðan né áheyrnarfulltrúi.

#### **Leik- og grunnskólastig (16:00 – 18:00)**

1. Umbótaáætlanir – Bláskógaskóli Laugarvatn og Reykholt (hluti af skólanámskrá 2016-2017), Elfa og Kristín fóru yfir áætlanirnar og góðar umræður áttu sér stað.
2. Móttökuáætlun – Bláskógaskóli Reykholt (hluti af skólanámskrá 2016-2017), drög kynnt og rædd.
3. Skóladagatal – Bláskógaskóli Laugarvatn og Reykholt (hluti af starfsáætlun 2016-2017), sett fram til kynningar og samþykkt af hálfu skólanefndar.
4. Símenntun/endurmenntun starfsmanna í grunnskólum. Árlega er starfsþróunaráætlun og símenntun sett fram í hverjum skóla en það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Tími til starfsþróunar hvers kennara frá 102-150 klst. á ári en hann er almennt ætlaður utan við skipulagðan starfsramma skólaársins.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo þætti en það eru annars vegar þeir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann og hins vegar þeir sem kennari telur nauðsynlega til að efla sig í starfi.

Sveitarfélög greiða í endurmenntunarsjóð kennara 1,72% af föstum dagvinnulaunum þeirra og getur hver kennari sótt um styrk þaðan að upphæð 240.000.- krónur annað hvert ár. Þá setur skólinn fram í sinni fjárhagsáætlun hve stór hluti er áætlaður til símenntunar ár hvert.

Vilji er til þess að setja vinnureglur um hvenær kennarar geti sótt um endurmenntun á vegum skólans, enda um takmarkaða fjárhæð að ræða þar, og hvenær þeim er bent á að sækja um í Vonarsjóð FG og SÍ, en þar geta kennarar sótt um styrki til að sækja endurmenntun skv. reglum sjóðsins. Ákveðin viðmið verði höfð að leiðarljósi sem taka tillit til símenntunaráætlun skólans og einstaklingsins. Skólastjórar munu koma með tillögur að þessum vinnureglum og kynna skólanefnd fyrir byrjun næsta skólaárs.